


Skyldur og heimildir til að takmarka viðskipti með gallaðar vörur



Jón Gíslason, forstjóri Matvælastofnunar

Sjávarútvegsráðstefnan 2013, Grand Hótel Reykjavík,
21.-22. nóvember.

• Gallaðar vörur



Gallað hráefni, vörusvik (tegundafalsanir)

Örverumengun, sjúkdómsvaldandi örverur

Efnainnihald, efnanotkun og efnamengun

Almennar merkingar og ofnæmi eða óþol

Gæðakröfur eða -staðlar, matvælaöryggi?

Lögbundnar kröfur og hættu fyrir neytendur

• Takmörkun viðskipta með matvæli

Skyldur framleiðenda

- Ekki má dreifa matvælum þannig að þau blekki kaupanda vegna uppruna, samsetningar eða annarra þátta.
- Þá er óheimilt að markaðssetja matvæli sem ekki eru örugg eða óhæf til neyslu og skal tryggja eins og kostur er að þau valdi ekki matarsjúkdómum.
- Matvælafyrirtæki bera ábyrgð á að kröfur matvælalöggjafar séu uppfylltar og skulu sannprófa það og jafnframt bregðast strax við ef neytendum er hættu búin.



• Tegundafalsanir og efnanotkun

Vandamál og viðbrögð


- Er líklegt að fyrirtækin upplýsi kaupendur eða neytendur um að þau stundi vörusvik með tegundafölsunum eða upplýsi að þau noti ólögleg efni við framleiðslu vörunnar?
- Er heimilt að markaðssetja slíkar vörur?
- Hver á að grípa inn þegar matvælafyrirtæki bregðast skyldum sínum, óháð því hvort um er að ræða blekkingu fyrir kaupanda eða hættu fyrir neytendur?



• Hvernig á að bregðast við?

Viðbrögð framleiðenda

- Ef matvælafyrirtæki álítur eða hefur ástæðu til að álíta að matvæli, sem það hefur flutt inn, framleitt eða dreift, séu ekki í samræmi við kröfur um öryggi matvæla, skal tafarlaust gera ráðstafanir til að taka umrædd matvæli af markaðnum og tilkynna það hlutaðeigandi opinberum eftirlitsaðila.
- Ef varan er komin í hendur neytenda skal upplýsa þá á skilvirkan og nákvæman hátt um ástæðurnar fyrir því að varan var tekin af markaðnum og, ef nauðsyn krefur, innkalla vörur sem neytendum hafa þegar verið afhentar ef aðrar ráðstafanir nægja ekki til þess að tryggja víðtæka heilsuvernd.



• Opinbert eftirlit



Skyldur

- Fara með eftirlitsskyldu gagnvart matvælafyrirtækjum
- Tryggja eins og kostur er að ekki berist á markað matvæli sem geta valdið matarsjúkdómum.

EES og matvælaöryggi

- Fyrirtæki eru starfsleyfisskyld og fá samþykkisnúmer vegna dýraafurða og opinbert eftirlit ber þannig eftirlitsskyldur gagnvart fyrirtækjum sem hafa vörur í frjálsu flæði á EES.
- Virkt inn- og útflutningseftirlit gagnvart þriðju ríkjum.



- Heimildir til að takmarka viðskipti

Allt eftir eðli mála

- Stöðva starfsemi að hluta eða í heild.
- Stöðva eða takmarka framleiðslu og markaðssetningu matvæla og leggja hald á þau.
- Förgun þeirra er heimil sé það talið nauðsynlegt.
- Afturköllun starfsleyfis.
- Veitt áminningu, ásamt frest til úrbóta.
- Ákvarðað dagsektir.
- Útgangspunkturinn er hins vegar ætíð sá að fyrirtækin taki á sínum málum!

- Hvað er í húfi fyrir fiskiðnaðinn?

Viðskiptahagsmunir

- www.mast.is



Takk fyrir!

www.mast.is

